

dóminn, málafærslumannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors. — Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.

Mánudaginn 21. marzmán.

Nr. 1/1904:

Réttvísni

gegn

Ingibjörgu Þorsteinsdóttur.

D ó m u r:

Með aukaréttardómi Barðastrandarsýslu, gengnum 3. októbermán. f. á.. var hin ákærða, Ingibjörg Þorsteinsdóttir, dæmd samkvæmt 157. og 38. gr. alm. hegningarlaga til að sæta einföldu fangelsi í 16 daga og til að greiða allan af málinu löglega leiðandi kostnað, þar með talin málsvarnarlaun til talsmanns hennar fyrir undirrétti, Kristjáns hreppstjóra Jónssonar, 4 kr.

Þessum dómi hefir verið áfryjað til landsyfirtáttarins bæði eftir beiðni dómfeldu og af hálfu hins opinbera.

Það er í málinu sannað með eigin játningu ákærðu, sem styðst við játningu hins samseka Filippusar prests Magnússonar, sem nú er látinn, að hún hafði holdlegt samræði við nefndan prest í Reykhóla-kirkju í kórnum þar sunnudaginn 5. maí 1901 eftir messu. — Þetta afbrot ákærðu, sem þá var á 18. ári (fædd 15. sept. 1883) og ekki áður hefir verið hegnt

fyrir neitt afbrot, á undir 157., sbr. 38. gr. alm. hegniegarlaga 25. júní 1869, og virðist mega ákveða hegningu þá, sem hún hefir til unnið fyrir þennan verknað sinn, með sérstöku tilliti til æsku huenar og til þess, að hinn samseki var prestur hennar og sálusorgari, 6 daga einfalt fangelsi. Svo greiði hún og hálfan málskostnað í héraði og 4 kr. í málsvarnarlaun til talsmanns hennar þar. Ákærðu ber einnig að greiða allan af áfryjun málsins leiðandi kostnað, þar með með talin málfutningslaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, 10 kr. til hvors þeirra.

Rekstur málsins í héraði hefir verið vítalaus og flutningur málsins fyrir yfirdómi lögmætur. —

Því dæmist rétt vera:

Hin ákærða Ingibjörg Þorsteinsdóttir á að sæta 6 daga einföldu fangelsi. Svo greiði hún og hálfan málskostnað í héraði og 4 kr. í málsvarnarlaun til talsmanns hennar þar. Einnfremur ber henni að greiða allan af áfryjun málsins leiðandi kostnað, þar með talin málsfærslulaun til sækjanda og verjanda fyrir yfirdómi, málfutningsmannanna Odds Gíslasonar og Einars Benediktssonar, 10 kr. til hvors þeirra.

Dómi þessum skal fullnægja með aðför að lögum.